

Málskostnaður fyrir yfirdómi í aðalsök og gagn-
sök falli niður.

Mánudaginn 17. janúar 1916.

Nr. 80/1915.

Valdstjórnin
gegn
Carla Olsen.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 24. sept. f. á., var kærða í máli þessu, Carla Olsen sætindasali hér í bænum, dæmd samkvæmt 12. gr. sbr. 1. gr. og 14. gr. laga nr. 44 um aðflutningsbann á áfengi 30. júlí 1909 í 200 kr. sekt til landssjóðs og til að greiða allan kostnað málsins. Svo voru og áfengir drykkir, er fundust við húsleit hjá kærðu, gerðir upptækir og dæmdir eign landsjóðs. Þessum dómi er eftir beiðni kærðu skotið til yfirdómsins.

Kærða neitar því, að hún sé sek um brot það, er hún er dæmd fyrir. En um atvik málsins er það upplýst, er nú skal greina: Kveldið 27. júlí f. á., sá einn af næturvörðum bæjarins 2 drukna menn hér á götu, og fór annar þeirra inn í sætindabúð kærðu í Austurstræti; þegar hann kom út aftur virtist næturverðinum barmur hans vera fyrirferðarmeiri en áður; hann réðist því að manningum, stakk hendinni

í jakkabarm hans og dróg þaðan upp flösku, fulla af rommi. Þetta varð til þess, að áfengisleit var gerð í húsum kærðu samkvæmt dómsúrskurði og fundust þá hjá henni 11½ fl. af whisky, og 10 fl. af romni og 2 fl. af rauðvíni.

Það verður að teljast sannað, að rommflaska sú, er næturvörðurinn tók af manningnum hafi verið keypt í búð kærðu, og að vinnukona hennar eða búðarstúlka hafi selt flöskuna, en að flaskan hafi verið eign stúlkunnar, og kærða eigi verið við þá sölu riðin, enda er hún eigi átalin fyrir það eða dæmd. Um áfengisbirgðir þær, er fundust hjá kærðu við húsleitina, hefir hún skýrt svo frá, að maður hennar hafi í fyrrahaust (1914) keypt fyrir hana 50—60 fl. af vínföngum hjá kaupmönnum hér í bænum og þóttist hún muna með vissu að 11 fl. hefðu verið frá Thomsensverzlun og hún nefndi 2 aðra kaupmenn, er hún hugði vínið hafa verið keypt hjá. Vínföng þessi tjáðist kærða nota við sætindagerð, er hún hefir að atvinnu, og er eigi neitt það framkomið að ástæða sé til að vefengja það. En skýrsla ákærðu um það, hvornig hún hefði aflað áfengisins, þótti eigi ábyggileg, og var hún með dómnum, samkv. 12. gr. nefndra laga talin brotleg gegn 1. gr. eins og hún hefði enga skýrslu um þetta gefið.

Maður kærðu, er að sögn hennar keypti áminst vínföng fyrir hana, var erlendis, þegar rannsókn í málinu var hafin, og var, eftir því sem frá er skýrt, ókominn, þegar málið var tekið til dóms í yfirdómnum. Hefir því eigi gefist kostur á að yfirheyra hann. En fengin hafa verið vottorð hjá kaupmönnum, er síðast höfðu vínsöluleyfi hér í bænum, um að

Þeir hefðu eigi selt whisky eða romm með því merki eða af því tagi er fanst hjá kærðu.

Í 12. gr. fyrnefndra laga hljóðar síðari málsgrein svo: »Komi það í ljós við heimilisrannsóknina að áfengi sé í vörzlum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur að skýra frá því, hvernig standi á byrgðunum. Geri hann það ekki skal hann talinn sekur um brot gegn 1. gr.« — Kærða hefir nú, sem þegar er sagt, skýrt frá því hvernig hún hafi eignast áfengi það, er hjá henni fanst, og við rannsókn málsins er ekkert framkomið, er sanni að skýrsla hennar sé röng eða að hún hafi eigi sagt frá öllu því, er hún vissi um vínföngin. Hitt, að maður kærðu kann að hafa skýrt henni rangt frá um það, hvar og hvernig hann fekk áfengið, verður eftir hinni tilvitnuðu lagagrein ekki talið kærðu til ábyrgðar, enda er það eigi heldur sannað, að það, sem kærða hefir eftir manni sínum í þessu efni, sé rangt, með því að fyrgreind kaupmannavottorð, sem þetta einvörðungu styðst við, eru eigi staðfest fyrir rétti og af kærðu hálfu mótmælt sem röngum. Það skal sérstaklega tekið fram, að í vottorðum þessum er rauðvíns eigi getið, en af kærðu hálfu er því haldið fram fyrir yfirdóminum, að þær 11 vínflöskur, sem hún þóttist muna með vissu að fengnar hefðu verið frá Thomsensverzlun, hefðu verið rauðvínsflöskur, og er þá framburður hennar að þessu leyti eigi í ósamræmi við vottorðin.

Með því kærða, samkvæmt því sem nú hefir verið sagt, verður að teljast hafa fullnægt hinu tilgreinda lagaákvæði, er eigi heimild til að láta hana

sæta ábyrgð samkvæmt 1. gr. laganna, fyrir ólöglegan innflutning áfengis, og ber því að sýkna hana af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Svo verður og að ómerkja ákvæði dómsins um upptöku áfengis þess, er hjá kærðu fanst, og skila henni því aftur.

Allan kostnað sakarinnar ber að greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn, 20 kr. til hvors.

Það er aðfinsluvert, að eigi er í dómnum vottorð um löglega meðferð málsins í lögregluréttinum, svo sem fyrir er mælt í tilskipun 3. júní 1796, 35. gr., en að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Kærða, Carla Olsen, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli. Ákvæði dómsins um upptöku framangreinds áfengis hjá kærðu eiga að vera ómerk, og ber að skila henni því aftur. Allan sakarkostnað fyrir báðum réttum skal greiða af almannafé, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, yfirréttarmálaflutningsmanna, 20 kr. til hvors þeirra.